

Fundargerð 27. aðalfundar KGSÍ haldinn 14. maí 2022 á Hótel Natura í Reykjavík kl. 9.00.

Dagskrá:

01. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
02. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ vegna ársins 2021.
03. Endurskoðaður reikningur KGSÍ fyrir árið 2021 lagður fram til umræðu og samþykkur.
04. Kosning formanns KGSÍ.
05. Kosning annarra stjórnarmanna.
06. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.
07. Jóhannes Finnur Halldórsson sérfræðingur segir frá hvernig einingarverð KGSÍ eru reiknuð.
08. Þjónustusamningur við kirkjugarðaráð - Þórsteinn Ragnarsson fer yfir samninginn.
09. Hjalti Hugason prófessor ræðir um heimagrafreiti á Íslandi.
10. Kári Aðalsteinsson garðyrkjustjóri KGRP segir frá notkun rafmagnstækja við umhirðu kirkjugarða
- Matarhlé frá 12:00 til 13:00 á fundarstað.
11. A Arkitektar segja frá hönnun nýrrar bálstofu á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð.
12. Guðmundur Rafn Sigurðsson framkv.stj. segir frá ferð til Færeyja í mynd og máli.
13. Erindi heimamanns: Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir þjóðfræðingur segir frá því hvernig útvarpsþættirnir um “Fólkið í garðinum” urðu til.
14. Önnur mál.

	Fundarmenn	
1	Albert Eymundsson	Höfn
2	Anna Kristjánsdóttir	Akranes
3	Arnar Einarsson	Njarðvík
4	Arnfinnur R. Einarsson	KGRP
5	Áslaug I Kristjánsdóttir	Stykkishólmur
6	Berglind Jóhannsdóttir	KGRP
7	Birgir Þórðarson	Hveragerði
8	Egill Heiðar Gíslason	KGRP
9	Emilía Guðrún Svavarsdóttir	KGRP
10	Friðbjörn Björnsson	Keflavík
11	Guðmundur Rafn Sigurðsson	Kirkjugarðaráð
12	Guðný Sigurðardóttir	Selfoss
13	Guðrún Stella Björgvinsdóttir	KGRP
14	Gunnlaugur Harðarson	Hafnarfjörður
15	Halldór Heimisson	Vestmannaeyjar
16	Halldór Kristinn Petersen	Álftatungukirkjugarður
17	Heimir Björn Janusarson	KGRP
18	Helena Sif Þorgeirsdóttir	KGRP
19	Helga Halldórsdóttir	KGRP
20	Helga Oddsdóttir	KGRP

21	Helga Þóra Jónsdóttir	KGRP
22	Hermann Björn Erlingsson	Hafnarfjörður
23	Hjalti Hugason	Fyrirlesari
24	Ingvar Stefánsson	KGRP
25	Íris Pétursdóttir	KGRP
26	Jóhann Sigurðsson	Akranes
27	Jóhannes Finnur Halldórsson	Fyrirlesari
28	Kári Aðalsteinsson	KGRP
29	Kjartan Ingvarsson	Keflavík
30	Kristján Karl Linnet	KGRP
31	Magnús Ingi Bæringsson	Stykkishólmur
32	Margrét Guðjónsdóttir	KGRP
33	Matthildur Ása Hauksdóttir	Ísafjörður
34	Ólafur Egilsson	KGRP
35	Sigríður Inga Magnúsdóttir	KGRP
36	Sigurgeir Skúlason	Kirkjugarðaráð
37	Smári Sigurðsson	Akureyri
38	Valdimar Guðmannsson	Blönduóskirkjugarður
39	Viðar Jakob Gunnarsson	KGRP
40	Vilhjálmur E Eggertsson	Selfoss
41	Þóroddur Steinn Skaptason	Hafnarfjörður
42	Þórsteinn Ragnarsson	KGRP
43	Örn Arnarson	Höfn

Fundarsetning.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ setti fund klukkan 9.06 og bauð fundarmenn velkomna á aðalfund KGSÍ á Hótel Natura í Reykjavík. Kynnti dagskrá fundarins og sagði það væru fulltrúar allra landshluta á fundinum.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Stungið var upp á að Egill Heiðar Gíslason yrði fundarstjóri og Hermann Björn Erlingsson fundarritari, voru þeir samþykktir í þau störf.

2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ vegna ársins 2021.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ fór yfir skýrslu stjórnar og lagði áherslu á, að á fundinum myndi hann hætta sem formaður og þakkaði fyrir skemmtileg ár í starfi og samstarf við stjórnarmenn og fulltrúa kirkjugarðanna.

Kynnti föst verkefni KGSÍ sem metinn eru á um 8 milljónir ári og hefur sú upphæð verið fengin frá kirkjugarðaráði. Þjónustusamningur milli aðila verður kynntur á fundinum.

Sagði mikilvægt að huga að sameiningu kirkjugarðstjórna til að efla stjórnun og þjónustustig. Mikilvægt er að í stjórnnum verði fulltrúar allra garða. T.d í Skagafirði gætu verið 3-6 stjórnir í stað vel á þriðja tug sem væri mikil hagræðing í starfsemi og samskiptum við stjórnir garðanna. Tók fram að fulltrúar í stjórn KGRP væru ekki eingöngu frá þjóðkirkjunni heldur einnig frá lífskoðunarfélögum.

Ræddi um rekstur og rekstarhalla sem tilkominn er vegna rekstur greiðslukerfisins á garður.is.

Bókunarkerfið er komið í gagnið og er fyrir alla kirkjugarða stóra sem litla. Kerfið er viðurkennt innan stjórnsýslunnar á Íslandi sem umsjónar kerfi garðanna. Ef staðið hefði verið upprunalegt gjaldalíkan milli ríkisins og KGSÍ væri fjármagn garðanna mun hærra en nú er vegna skerðinga í kjölfar hrunsins. Þórsteinn fór yfir gjaldalíkanið og forsendur sem það er byggir á og stöðuna vegna skerðingar. Í ferð stjórnar KGSÍ um norð-austurland í fyrra kom vel í ljós hvað garðar eru vel hirtir og mikil metnaður hjá umsjónarmönnum. Ræddi um norræna samstarfið í NFKK en stjórnarmaður er Guðmundur Rafn og Smári varamaður, stór ráðstefna samtakanna verður í Finnlandi í haust.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góða skýrslu og frestaði umræðum um skýrslurna.

3. Endurskoðaður reikningur KGSÍ fyrir árið 2021 lagður fram til umræðu og samþykkur.

Margrét Guðjónsdóttir frá KGRP fór yfir ársreikninga KGSÍ 2022

Margrét fór yfir helstu liði, rekstrartekjur, gjöld, efnahagsreikning, sjóðsstreymi.

Rekstrartekjur ársins námu	kr. 9.028.257.-
Rekstrargjöld voru	kr. 10.320.883.-
Tap án fjárm.tekna og fjárm.gj.	kr. 1.274.672.-
Tap ársins með fjárm.gj.	kr. - 1.274.672.-
Eignir og veltufjárm. samt.	kr. 14.539.762.-
Eigið fé	kr. 13.753.118.-
Skammtímaskuldir	kr. 786.644.-
Samtals eigið fé og kuldir	kr. 14.539.762.-

Fundarstjóri þakkaði Margréti fyrir góðar útskýringar og gaf orðið laust fyrir fyrirspurnir um reikninga og skýrslur stjórna

Eigill fundarstjóri þakkaði Þórsteini Ragnarssyn formanni KGSÍ sérstaklega fyrir óeigingjart starf í þágu kirkjugarðanna. Fundarmenn stóðu upp og klöppuðu fyrir Þórsteini fyrir hans störf á vegum KGSÍ. Fundarstjóri bar skýrslu og ársreikning upp til samþykktar, skýrsla stjórnar og ársreikningur 2021 samþykkt samhljóða.

4. Kosning formanns KGSÍ.

Smári Sigurðsson Akureyri var einróma kosinn formaður KGSÍ.

5. Kosning annarra stjórnarmanna.

Guðmundur Rafn Sigurðsson KGSÍ, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP kosnir aðalmenn og Albert Eymundsson Höfn í Hornarfirði og Anna Kristjánsdóttir Akranesi kosnir varamenn, hlutu þau einróma kosningu til stjórnar KGSÍ.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ

Skoðunarmenn voru endurkjörnir, þeir Þjóðbjörn Hannesson og Magnús Gunnarsson.

7. Jóhannes Finnur Halldórsson sérfræðingur segir frá hvernig einingarverð KGSÍ eru reiknuð.

Jóhannes Finnur fjallaði í erindi sínu um einingarverð vegna grafartöku og umhirðu. KGSÍ. Líkanið er notað af fjármálaráðuneytinu til útreiknings gjalds til kirkjugarðanna. Sagði frá samkomulagi frá 2005 milli KGSÍ og ríkisins þar sem samið var um að ríkið greiddi, grafartöku og jarðsetningu, líkbrennslur og grafartöku í duftgarði og umhirðugjald. Hann lagði áherslu á skýrslu KGSÍ frá 2003 sem væri grunnur að reiknilíkaninu það eru um 500 grafreitir á landinu hans skoðun er að kalla grafreit við kirkju, kirkjugrafreit en aðra grafreiti. Það ætti betur við þar sem öll lífskoðnarfélga noti garðana. Búið er að einfalda líkanið með fækkun grafarflokka úr 11 í þrjá og nú eru þeir með bókstöfum, A, B og C. Jóhannes kynnti gagnvirk vefkort þar sem sjá má staðsetningu grafreita á landinu en eftir að setja alla grafreiti á kortið sem er enn í vinnslu hjá Jóhannesi og væri möguleiki að opna það á gardur.is væri áhugi á.

Jóhannes svaraði spurningum fundarmanna.

8. Þjónustusamningur við kirkjugarðarátt - Þórsteinn Ragnarsson fer yfir samninginn.

Þórsteinn kynnti nýjan þjónustusamning við kirkjugarðarátt og fór yfir helstu verkefni sem tekið væri á í samningnum en nýjasti samningurinn var undirritaður í vetur milli aðila. Starfsemi KGSÍ skiptist í félagsleg störf og greiðslu grafargjalds til kirkjugarða landsins. Félagslega starfsemin kostar um 8 milljónir á ári og útdeiling grafargjalds kostar um 15 milljónir að meðaltali á ári. Auk þess þarf að taka frá 10-15 milljónir til að mæta óvæntri aukningu jarðsetninga umfram spá. Skoða þarf hvort skipta eigi þessum rekstri í tvær kennitölur og það bíður ákvörðunar nýrrar stjórnar.

9. Hjalti Hugason prófessor ræðir um heimagrafreiti á Íslandi.

Hjalti sagði frá rannsókn sinni á heimagrafreitum sem kynnt var 2015 og hófst 2019, birtar hafa verið fimm greinar úr henni. En hvað er heimagrafreitur, þarf tvennt til, grafreitir sem ætlaður var ákveðnum og þröngum hópi fólks og staðsettur „heima“ og heimilaður með ákveðnum lögformlegum hætti. Í heimagrafreit hvíldu að jafnaði bóndi, húsfrú og börn en ekki vinnuhjú eða aðrir. Fjöldi grafreita ekki tiltækur en Hjalti telur þá um 170 og flesta á Austurlandi. Helstu ástæður fyrir heimagrafreitum eru tilfinngalegar fremur en tæknilegar. Að hvíla heima eða á ákveðnum stað sem hafði mikið gildi fyrir viðkomandi.

Hjalti svaraði fyrirspurnum fundarmanna

10. Kári Aðalsteinsson garðyrkjustjóri KGRP segir frá notkun rafmagnstækja við umhirðu kirkjugarða

Kári sagði frá rafvæðingu garðyrkjutækja, að hún væri bylting í vinnuaðstæðum starfsmanna og gott að losna við mengun bensín knúinna tækja og umhirðu þeirra. Auk þess eru rafmagnstækin léttari, minni hávaði og mengun og þyrftu minna viðhald. Rafhlöður eru alltaf að verða betri og með lengri líftíma og hægt væri að nota sláttuvél í heilan dag á hleðslunni. En rafmagns sláttuvélar er t.d auðveldara að ræsa, einfaldlega smella á takka og hún fer í gang. Stærri garðyrkjutæki eru að koma hratt inn sem rafmagns tæki bæði gröfur og minni garðbílur. Flestir framleiðendur rafmagnsverkfæra eru komnir með breiða línu af tækjum fyrir garðyrkju. Stofnkostnaður liggur í verði rafhlaðna og hvert tæki að hafa aðgang að tveim rafhlöðum. Mikilvægt væri að velja framleiðanda með breiða línu af tækjum sem geta notað sömu rafhlöður.

Kári svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Matarhlé frá 11:55 til 13:00 á fundarstað.

11. A Arkitektar segja frá hönnun nýrrar bálstofu á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð.

Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir arkitekt kynnti hugmyndir að byggingu bálstofu á Hallsholti, átján ár eru frá því að samkeppnin fór fram árið 2004. Hönnun húsnæðisins hefur verið kynnt víða og hlotið umfjöllun í mörgum miðlum um hönnun. Húsið er klætt að hluta með steinflísum sem fengar eru úr holtagrjótinu í Hallsholti en að öðru leiti hvítmálað. Hólmfríður kynnti hönnun og notkun bálstofunnar þar sem vatn leikur lykilatriði og fylgir fólki í gegnum ferli bálfarar. Mikil áhersla er á að hanna húsnæðið að þörfum allra lífsskoðunarfélaga. Bálstofan í Vestfold í Noregi er fyrirmynd og verður hægt eins og í Vestfolda að framkvæma 2000 bálfarir árin, en þörfin er áætluð fyrst um seinn um 12 – 1500 bálfarir ári. Tveir bálofnar verða settir upp.

Hólmfríður svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

12. Guðmundur Rafn Sigurðsson framkv.stj. segir frá ferð til Færeyja í mynd og máli.

Guðmundur Rafn sagði frá ferð sinni til Færeyja í september 2019 þar sem hann heimsótti marga kirkjugarða. Í Færeyjum eru um 70 kirkjugarðar sem 29 sveitarfélög sjá um rekstur á þeim. Kirkjugörðunum svipar mjög til garða á Íslandi en margir eru staðsettir í brekkum sem getur valdið erfiðleikum í umhirðu.

Guðmundur svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

13. Erindi heimamanns: Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir þjóðfræðingur segir frá því hvernig útvarpsþættirnir um “Fólkið í garðinum” urðu til.

Þorgerður Ása sagði frá tilurð þáttanna, en þeir voru á dagskrá á Rás 1 2021 og eru um 40 mín. langir og tekur vinnsla þeirra um vikutíma. Heimsækir hún tvö leiði í hverjum þætti og alltaf er tenging á milli fólksins sem sagt er frá en einblít á persónulega sögu þeirra. Hún hefur fjallað um 20 aðila sem jarðsettir voru á fyrstu hundrað árum garðsins árin 1838- 1938.

Þorgerður Ása svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

14. Önnur mál.

Enginn tók til máls undir önnur mál.

Fundarstjóri þakkaði fyrir samstarfið á fundinum og góða fundarsetu.

Smári Sigurðsson formaður KGSÍ flutti lokaorð og sagði að mikilvægt væri að vinna að sameiningu rekstur kirkjugarðsstjórna, það væru of margar og litlar stjórnir sem betra væri að sameina í stærri, lýsti áhuga á að endurbæta skráningarkerfið undir kerfinu gardur.is, einfalda kerfið til að skrá athafnir hjá sem flestum gördum, mikilvægt væri að uppfæra útlit og leitarvél á gardur.is. Þá þurfum við að koma á framfæri lagbreytingum um kirkjugarða til að vera í takt við tímann og taka af tenginu við trúmál, því garðar þjóna öllum lífsskoðunarfélögum, skoða þarf líkshúsmálinn og rekstri þeirra í betri farveg og gera bálstofu að veruleika. Smári þakkaði fundargestum fyrir góðan fund og embættismönnum fundarins fyrir þeirra framlag og sleit fundi klukkan 14:35.

Fundargerð ritaði: Hermann Björn Erlingsson, ritari stjórnar Kirkjugarðs Hafnarfjarðar.